

Námsáætlun

Kennari:	Svana Björk Jónsdóttir
Áfangi/fag:	MYND1LF02 – Listir framhald

Stutt lýsing

Nemendur byggja ofan á fjölbreytta tækni sem þeir hafa lært í undanfara þessa áfanga, LIST2LL03, og því lokið forkröfum fyrir umræddan áfanga. Td. litablöndun, vatnsmálun, leirmótun, grafík, módelteikningu og fleira. Áhersla er lögð á sjálfstæða sköpun og skilning á þróun hugmynda og myndrænu ferli, skilning á samspili forma, ljóss og skugga.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- notkun eins punkts fjarvíddar (perspectiv)
- notkun tóna í litbrigðum til túlkunar á fjarvídd
- notkun línu til túlkunar á fjarvídd
- hlutfallaskiptingu mannslíkamans
- notkun hjálparlína sem og lóðlínu við módelteikningu
- helstu teikniaðferðum á tvívíðan flöt, s.s. blýantsteikningu, beita kolum og krít, túss og bleki
- frumlitum, annars stigs litum og þriðja stigs litum, birtustigi lita og áhrifum lýsingar og skyggingar með svörtu og hvítu
- lögmálunum um andstæðuliti, samstæðuliti, heita og kalda liti, hreina liti og jarðliti
- einföldum atriðum í samspili forms og lita

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- teikna umhverfi út frá eins punkts punkta fjarvídd
- teikna fjarvídarmyndir fríhendis
- teikna mismunandi líkamsstöður í réttum hlutföllum
- beita mælingaaðferðum, hjálparlínunum og samanburði til þess að meta stærðarhlutföll og afstöðu mismunandi líkamshluta og raða þeim saman í heildarmynd
- nota mismunandi línu og skyggingaraðferðir til að ná fram áhrifum þyngdar, léttleika, spennu, slökunar, hraða og kyrrstöðu
- vinna sjálfstætt
- blanda annars og þriðja stigs liti úr grunnlitunum efnislita, lýsa þá og dekkja
- tefla saman litum og myndbyggingu til að ná fram tilteknum áhrifum í mynd
- vinna kerfisbundið og beita ferlisvinnu þar sem byrjað er með mjög einfaldar forsendur og reglur sem stig af stigi verða flóknari hvað varðar byggingu og litasamsetningar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna fram á að hann sé fær um að þróa hugmyndir sínar innan marka fjarvíddar á meðvitaðan og gagnrýninn hátt
- ræða opinskátt og gagnrýna myndir samnemenda sinna, eigin myndir og annarra
- hafa gott vald á myndbyggingu í myndum sem eru unnar í raunsærri fjarvídd
- ákveða þær fjarvíddar aðferðir sem best henta viðfangsefninu
- geta lagt mannlíkamann til grundvallar eigin listsköpun
- nýta teiknikunnáttu sína til að útfæra eigin hugmyndir
- skilja samspil forma, ljóss og skugga í umhverfinu og í myndverkum
- vinna með myndbyggingu og jafnvægi í verkum sínum
- ákveða og velja þær teikniaðferðir sem best henta viðfangsefninu hverju sinni
- greina á milli lita og litbrigða af öryggi
- ná fram þeim áhrifum sem hann/hún sækist eftir í myndsköpun sinni með beitingu litar og forma

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Nemendur þurfa ekki að kaupa neitt. Þau fá allt hjá Hringsjá.

Pappír, blýanta, strokleður, hringfara, málningu, penslar, reglustikur, leir, leiráhöld, kennslubækur og vefsíður og fl.

Námsmat

Leiðsagnarmat. Fjölbreytt verkefni unnin jafnt og þétt yfir önnina. Kennari leggur mat á ástundun, virkni og vinnubrögð nemenda. Áhersla á umsagnir sem leiða nemendur áfram. Kennari metur skilning hans á markmiðum áfangans út frá verkum þeirra, vinnubrögðum og virkni.

Viðvera, virkni og vinnubrögð, vandvirkni og verkefni : 100%

Áætlun:

Til að fá áfanga metinn til eininga þarf nemandi að hafa lágmark 80% mætingu og vinna í eftirfarandi verkefnum:

Röð verkefna	Námsefni - viðfangsefni	Kaflar/verkefni	Athugasemdir/vægi matshluta
Litafræði	Heitir/kaldir litir, andstæðu litir		
Teikning	Abstrakt/mynstur/vatnslitablekmálun		
Teikning	Skygging, Andlit, fígúra, annað.		
Módel-teikning	Hlutföll líkamans/Gosa teikning, hreyfingar, uppstillingar		
Leir	Leirmótun: Skál		
Teikning	Sjálfsmynd í anda þopart 4 myndir		Vandvirkni, verkefni í tíma
Teikning	Fjarvídd		Virkni og vinnubrögð Mæting
Teikning	Mandala/flókin		
Grafík	Dúkrista		

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar